

Hurðin sem breytti jólinum

„Enginn á að vera einn á aðfangadagskvöld” hafði amma alltaf sagt.

Aron hugsaði um þessi orð þegar hann sat einn í stofunni og hlustað á storminn lemja húsið. Foreldrar hans voru vastir í óveðri og rafmagnið flökti öðru hvoru. Í skugganum glitraði jólatréð, eini bjarti punkturinn í myrkrinu. Þá heyrðist bank, ekki hátt, bara tvö hæg högg.

Hjarta Arons tók kipp. Enginn bankar svona seint, sérstaklega ekki í þessu veðri. Hann gekk varlega að hurðinni og opnaði. Þar stóð lítill drengur, blautur eftir snjóinn, skjálfandi í þunnri úlpu. Augun voru dimm, eins og bæri með sér langa einsemd. „Ég finn ekki heimilið mitt” hvíslar hann.

Aron lokaði ekki hurðinni, heldur hleypti drengnum inn í hlýjuna. Kuldinn fylgdi honum samt inn. Ljósakransinn á trénu slokknað skyndilega og skuggarnir urðu dýpri. Drengurinn settist þegjandi við tréð og horfði á pakkana.

„Hvað heitir þú?” spurði Aron. Drengurinn hristi höfuðið. „Ég man það ekki lengur” svaraði hann.

Aron færir honum kakó. En hann snerti það ekki, hann horfði bara á pakkana. „Ég hef aldrei fengið jólajöf” sagði hann svo lágt.

Orðin snertu Aron, hann horfði á pakkana undir trénu og fór síðan og tók einn lítinn pakka sem var ætlaður frænku hans. Hann rétti drengnum gjöfina og sagði: „Þú færð þessa”. Drengurinn horfði undrandi á gjöfina. Um leið og hann opnaði breiddist hlýjan yfir herbergið. Ljósinn kviknuðu og kuldinn hvarf. Andlit drengsins breyttist – sorgin hvarf og í staðinn kom í ljós bros.

„Nú má ég fara” sagði drengurinn.

Sterk vindhviða blés um húsið. Þegar Aron opnaði augun aftur var drengurinn horfinn. Á gólfinu lá aðeins lítið gleðistjarna.

Stuttu síðar komu foreldrar Arons heim. Stormurinn var loksins genginn niður.

„Ertu búinn að vera einn allan tímann?” spurði pabbi hans.

Aron horfir á stjörnuna í lófanum. „Nei” sagði hann hægt, „ég var ekki einn”.

Frá þessum degi hefur Aron aldrei lokað hjarta sínu fyrir þeim sem þurfa hjálp. Því stundum koma jólin inn um hurðina í formi einhvers sem þarf á því að halda.

Ólöf Erla Kristinsdóttir, 7. ÞJ